

Eftirfarandi er þýðing frumtextans sem er á þýsku. Þýðandi Veturliði Guðnason löggiltur skjalapýðandi í þýsku. Jóhann Guðnason löggiltur skjalapýðandi í þýsku uppfærði í maí 2008 útgáfuna PU---7404Z0 (0/03) 1.08. Ef mismunur er á þýska textanum og þeim íslenska gildir þýski textinn.

## § 1 Gildissvæði

- (1) Við slys sem fellur undir samninginn í utanlandsferð greiðum við viðbótarbætur.
- (2) Utanlandsferðir teljast ferðir utan Sambandslýðveldisins Þýskaland. Viðbótarbæturnar gilda ekki í löndum þar sem hinn tryggði á lögheimili sitt eða býr að staðaldri.
- (3) Einstaklingarnir sem tilgreindir eru á UnfallCard þínu geta krafist bóttanna; töluliður 4 gildir ekki fyrir börn sem eru með á ferð.
- (4) Bóttanna er aðeins hægt að krefjast fram að þeim gildistíma sem tilgreindur er í UnfallCard.

## § 2 Áfallahjálp

- (1) Við erum reiðubúin til símaþjónustu við neyðarsíma okkar 24 stundir á dag 365 daga á ári. Í læknisfræðilegum efnum fáum við ráð hjá samstarfshópi lækna.
- (2) Áfallahjálp í þessum skilningi er:
  - a) Ef óskað er látum við aðstandendur vita. Ef um mjög alvarlegt slys er að ræða hringjum við að fenginni umsögn lækis eða hjúkrunarfólks í símanúmerið sem tilgreint er á UnfallCard þínu. Ef skráningu vantar reynum við að finna aðstandendur á annan hátt.
  - b) Við gefum ráð um hvar best sé að koma hinum slasaða á sjúkrahús. Þá tilgreinum við næsta sjúkrahús sem hentar. Við gefum upplýsingar um hjúkrunarflokka og kostnað við þá. Ef nauðsyn krefur höfum við samband við sjúkrahúsið og ræðum um aðstöðuna sem hinn slasaði óskar eftir.
  - c) Við sjúkrahúsmeðferð höfum við samband við lækinn, sem annast hinn slasaða, og fáum upplýsingar um afleiðingar slyssins, áætlaða meðferð og batahorfur. Við upplýsum hinn slasaða á móðurmáli hans.
  - d) Ef læknisfræðileg nauðsyn krefur að okkar dómi skipuleggjum við sjúkraflutning til sjúkrahúss í Sambandslýðveldinu Þýskalandi. Eftir samráð við lækinn, sem annast hinn slasaða, veljum við farartæki, tókum ákvörðun um hugsanlega fylgdarmenn og ákveðum áfangastað og tíma heimflutningsins.
  - e) Ef skilríki tynast eða ef krafist er trygginga svo brottförin geti átt sér stað veitum við aðstoð við að leggja fram tryggingu og við að útvega ný

skilríki og tilnefnum, ef mögulegt er, þýsku- eða enskumælandi lögmenn.

## § 3 Aukalegar peningagreiðslur

Í bótamáli samkvæmt töluliði 1 greiðum við:

- (1) Aukalegan nauðsynlegan heimferðar- og/eða gistingarkostnað fyrir ólöggráða börn sem eru með í ferðinni og félagann sem er með í ferðinni.
- (2) Við sjúkrahúsdvöl erlendis vegna slyssins í minnst 10 daga kostnað við ferð einstaklings, sem stendur nærri hinum tryggða, á staðinn og gistingu þar.
- (3) Við greiðum ferðakostnað fyrir
  - lestarferðir á 2. farrými;
  - flugferð á almennufarrými ef lestarferð tæki meira en tíu klukkustundir;
  - ferðir með öðrum almenningsfarartækjum.
- (4) Við greiðum gistingarkostnað samkvæmt § 3 (2) allt að 60 EUR fyrir hvern dag sjúkrahúsmeðferðarinnar, lengst þó fyrir 2 vikur.

## § 4 Hækkun tryggingarupphæða slysa-tryggingarinnar

- (1) Við slys í útlöndum gildir tryggingarupphæð hækkuð um 5.000 EUR fyrir greiðslur vegna BB skilmála um björgunarkostnað.
- (2) Meðtryggðir sjúkrahúsdagpeningar gilda sem tvöfaldir við lækningameðferð á sjúkrahúsi erlendis; þeir nema – í heild ef samningar eru fleiri en einn – minnst 30 EUR fyrir 1.-3. dag og minnst 60 EUR frá 4. degi.

## § 5 Ráðgjöf í læknisfræðilegum efnum

Fyrir utanlandsferðina getur þú sótt til okkar ráð lækis um búnað ferðaapóteks og upplýsingar um æskilegar ónæmisaðgerðir.

## § 6 Yfirtökuskylda fyrir greiðslur úr slysatryggingunni

Ef við innum af hendi greiðslur samkvæmt §§ 2, 3 eða 4 tengist því ekki viðurkenning á yfirtökuskyldu okkar fyrir frekari greiðslur. Úrslitum um það ráða skilyrði Allianz AUB/Allianz AB fyrir hverja greiðslutegund fyrir sig.